

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rífós Kelduhverfi



Dags eftirlits	12.6.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Rífós	Fulltrúi UST	
Heimili	Lóni	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500692-2869	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hlífur Karlsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit. Tvær athugasemdir voru gerðar hvað varðar settjörn frá sláturhúsi og skráningu fyrirtækjaflokks í Grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir eftirlit síðasta árs en eitt frávik var skráð hvað varðar neyðaráætlun. Þeirri áætlun var skilað eftir eftirlit.

Farið var yfir starfsleyfi og minnt á skiladaga skv. því.

Rekstraraðili er að sækja um vistvæna vottun hjá GAP og á von á skoðunarmönnum frá þeim nú í júlí. Við þá vottun, þá leggst öll koparlitun á nætur af og verður keypt netþvottavél til hreinsunar á kvíunum. Ekki hefur verið litað í aðstöðu fyrirtækisins í fjörunni að undanfögnu og leggst hún af með tilkomu netþvottavélarinnar og aðstöðunni lokað.

Vöktunaráætlun hefur verið send til Umhverfisstofnunar og bíður samþykktar. Náttúrustofa Norðausturlands ætlar að hefja sýnatökur nú í sumar skv. áætluninni um leið og hún verður samþykkt.

Setþrær við seiðastöð eru losaðar einu sinni á ári af Vinnuvélum Eypórs og seyran nýtt sem áburður á tún og flög. Dauðfiskur er settur í meltu og einnig nýttur sem áburður á uppgræðslu.

Til stendur að sameina frárennslið frá seiðahúsum tveimur en erfitt hefur verið að finna góðan farveg fyrir lagnir þar sem húsin standa á þéttri klöpp og erfitt hefur verið að komast niður í jörð með lagnir.

Engar breytingar hafa orðið á rafstöð eða olúgeymum frá síðasta eftirliti.

Dæling undan kvíum hefur staðið yfir síðustu daga en vegna bilunar í dælubúnaði var ekki dælt þann dag sem eftirlitið fór fram. Einnig gerði vindátt það að verkum að ekki hefði verið hægt að dæla hvort eð er. Dælingin fer þannig fram að kvíarnar eru færðar til í lóninu og gömul loðnudæla notuð til að sjúga upp seyru og set af botni kvíastæðisins og því dælt út í ytra lónið í gegnum rör. Losunarrörið er staðsett um mitt ytralónið og er áhrifsvæði dælingarinnar um 40m í þvermál þar sem stúturinn berst um svæðið. mjög grunnt er í ytra lóninu eða um 1-2m niður á botn. Verða settar niður 4-6 fötur á botn lónsins, innan dreyfingarsvæðis losunarrörsins til að kanna hvort að uppsöfnun eigi sér stað á botninum eða hvort uppdælingarefnið nær að skolast fljótt burt af svæðinu. Dælingardagar og tímar eru skráðir skv. leyfi sem veitt var af Umhverfisstofnun fyrir dælingunni þann 12. apríl 2013. Einnig er búið að taka botnsýni v. kopargreiningar í seti skv. áður nefndu leyfisskilyrði. Tilkynning barst eftirlitsaðila með símtali þegar dæling hófst og verður send tilkynning þegar dælingu hefur verið lokið og tímaskráning send stofnuninni.

Sigt var út í ytra lónið að losunarröri og rýnt í botninn. Vegna vinds og öldugangs var fremur erfitt að sjá til botns en þar sem sást niður, var ekki hægt að greina neina breytingu m.v. nærliggjandi svæði. Sigt var að kvíum, gengið eftir kvíabryggjunni og eldið skoðað.

ATHUGASEMDIR

Settjörn við sláturhús er orðin mjög full og komin tími til að losa hana. Engin rotlykt var við tjörnina og engin óhreinindi að sjá. Tjörnir var þakin grænum þörungum svo ekki sást til botns. Ekki var ásókn fugla við tjörnina.

Gerð var athugasemd við skráningu fyrirtækjaflokks í Grænu bókhaldi, en réttur flokkur er 6.10. Var það lagfært í eftirliti.


ANNAÐ

Grænu bókhaldi hefur verið skilað á rafrænu formi en undirskrifuð skýrsla hefur enn ekki borist. Er væntanleg á allra næstu dögum.

Fyrirhugað er að byggja 4, 500m³ ker við seiðastöðina til að auka eldisrými þar sem kröfur GAP vottunarinnar gera það að verkum að þéttleiki í kvíum/kerum má ekki fara yfir 27 kg/m³. Seiðin verða flutt úr seiðahúsum og yfir í nýju

kerin og þaðan út í seiðakvíar í lóninu og að lokum í matfiskkvíar. Verið er að vinna að deiliskipulagi fyrir svæðið og að því loknu verður hugað að byggingu keranna. Minnt var á að allar breytingar á starfseminni eða byggingum þurfi að tilkynna til Umhverfisstofnunar.

Reykjavík, 14.06.2013



Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.